



STAPI
LÍFEYRISSJÓÐUR

Fréttabréf

Vor 2024

Ávöxtun sjóðsins

Ársfundur, ársskýrsla og lykiltölur úr ársreikningi

Sjóðfélagayfirlit á vefnum

Fer sparnaðurinn þinn í kostnað?

Bréf til nýrra sjóðfélaga og enskur sjóðfélagavefur

Hefur þú kynnt þér sjóðfélagalán?

Uppbygging fyrirhuguð í Múlanum

Örorkulífeyrir eða eftirlaun?

Ráðstöfun tilgreindrar séreignar inn á lán

Undirbúðu framtíðina – Kíktu á vefinn!


Ávöxtun sjóðsins

Nafnávöxtun eigna sjóðsins á árinu 2023 nam 6,2% en vegna mikillar verðbólgu mældist raunávöxtun neikvæð um 1,7%. Er þetta þar með annað árið í röð þar sem raunávöxtun er neikvæð en árið 2022 var hún neikvæð sem nemur 12,6%.

Hækkandi vaxtastig innanlands kom nokkuð niður á ávöxtun markaðsskuldabréfa sem og innlendra hlutabréfa á meðan erlend hlutabréf gáfu ásættanlega ávöxtun. Þó svo að flestir eignaflokkar í safni sjóðsins hafi skilað jákvæðri nafnávöxtun gerði hátt stig verðbólgu hér á landi það að verkum að raunávöxtun þeirra var lægri en markmið fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Þrátt fyrir slaka raunávöxtun undanfarin tvö ár hefur ávöxtun eigna Stapa gengið vel til lengri tíma litið. Meðalraunávöxtun undanfarin 10 ár er enn yfir raunávöxtunarmarkmiðum sjóðsins eða sem nemur 3,6%.

Ávöxtun varfærna og áræðna séreignarsafnsins voru um eða yfir viðmiðunarvísitölum. Nafnávöxtun varfærna safnsins var 7,8% og



nafnávöxtun áræðna safnsins var 8,4%. Innlána safnið skilaði ávöxtun umfram viðmið, sem má rekja til hækkandi innlánskjara á tímabilinu.

Nafnávöxtun tilgreindrar séreignar var 7% á árinu 2023, sem er rétt undir viðmiði. Þar sem deildin er í hraðri uppbyggingu og innflæði er hlutfallslega hátt í hverjum mánuði geta miklar verðsveiflur á markaði verið að einhverju leyti komnar fram þegar inngreiðslur eru að skila sér. Þetta getur leitt til sveiflna í ávöxtun samanborið við viðmið.

Það sem af er ári 2024 er nafnávöxtun tryggingadeildar tæplega 3,3% miðað fyrstu þrjú mánuði ársins.

Ársskýrsla

[Rafræn ársskýrsla Stapa vegna ársins 2023](#) er komin út. Skýrslan er á vefsíðuformi, sem er bæði umhverfisvænt og hagkvæmt, en þetta er í fimmta sinn sem Stapi gefur út ársskýrslu með þeim hætti.

Ársfundur

Fimmtudaginn 2. maí kl 14:00 verður ársfundur Stapa haldinn í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Á dagskrá eru hefðbundin ársfundarstörf. Fulltrúaráð fer með atkvæðisrétt á ársfundum en fundurinn er opinn öllum sjóðfélögum og eru þeir hvattir til að mæta.

Nánari upplýsingar um fundinn eru birtar á [stapi.is](#).

Lykiltölur úr ársreikningi

Breytingar á hreinni eign

Fjárhæðir í milljónum króna

	2023	2022
Iðgjöld	19.021	16.835
Lífeyrir	-11.121	-9.459
Hreinar fjárfestingartekjur	22.478	-14.971
Rekstrarkostnaður	-551	-548
Hækkun á hreinni eign	29.827	-8.143
Hrein eign frá fyrra ári	349.411	357.554
Hrein eign til greiðslu lífeyris	379.238	349.411

Efnahagsreikningur í árslok

Fjárhæðir í milljónum króna

	2023	2022
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	221.804	199.329
Skuldabréf	149.319	139.527
Bundnar bankainnistæður	230	265
Kröfur	2.719	1.755
Ýmsar eignir	281	265
Handbært fé	4.957	8.373
Skuldir	-72	-104
Hrein eign til greiðslu lífeyris	379.238	349.411
Hrein eign tryggingadeildar	370.043	341.131
Hrein eign séreignardeildar	8.418	7.732
Hrein eign tilgreindrar séreignardeildar	777	548
Tryggingafræðileg staða	2,5%	-5,1%
Nafnávöxtun	6,2%	-4,2%
Hrein raunávöxtun	-1,7%	-12,6%

Fer sparnaðurinn þinn í kostnað?

Margir kjara- eða ráðningarsamningar heimila sjóðfélögum að ráðstafa allt að 3,5% af skylduiðgjaldi í [tilgreinda séreign](#).

Nokkuð hefur borið á að sölumenn erlendra aðila heimsæki fyrirtæki til að kynna valkostinn fyrir launþegum. Mikilvægt er að sjóðfélagar viti að ef tilgreindri séreign er ráðstafað til erlendra aðila er kostnaður, sem fellur á launþegann, umtalsvert hærri en hjá innlendum vörsluaðilum séreignar. Sölumenn erlendra vörsluaðila fá greitt fyrir undirritaða samninga og hafa því síður hvata til að kynna valkostinn á hlutlausan hátt.

Við hvetjum sjóðfélaga til að kynna sér málin vel og gæta þess að réttar upplýsingar og samanburður liggi fyrir áður en ákvörðun um slík viðskipti er tekin. Ef fyrirtæki eða starfsmannafélög óska eftir að fá upplýsingar um tilgreinda séreign og/eða önnur mál tengd Stapa, má alltaf fá starfsmann frá sjóðnum til að fara yfir málið.



Sjóðfélagayfirlit á vefnum

Á síðastliðnu ári voru gerðar breytingar á lögum sem heimila lífeyris-sjóðum rafræna birtingu sjóðfélagayfirlita. Hjá Stapa var tekin ákvörðun um að meginreglan yrði rafræn birting en yfirlit send í bréfaþósti til þeirra sem þess óska.


- Yfirlitin eru birt tvisvar á ári undir **Skjöl** á [sjóðfélagavef](#) og á [Ísland.is](#).
- Sjóðfélagar með skráð netfang í **Mínar upplýsingar** á vefnum fá sendan tölvupóst þegar yfirlit er birt á vefnum.
- Sjóðfélagi getur óskað eftir að fá yfirlit í bréfaþósti með því að skrá það undir **Mínar upplýsingar** á sjóðfélagavef eða með því að hafa samband við sjóðinn.

Hnipp frá Ísland.is

Stapi nýtir sér þjónustu [Ísland.is](#) og sendir hnipp á sjóðfélaga þegar nýtt yfirlit er birt á vefnum.

Það er mikilvægt að yfirfara samskiptastillingar, bæði á sjóðfélagavefnum og á Ísland.is, þannig að upplýsingarnar komist með réttum hætti til skila.

Vefur sjóðfélaga er aðgengilegur ofarlega til hægri á [stapi.is](#).



Bréf til nýrra sjóðfélaga

Stapi sendir öllum nýjum sjóðfélögum upplýsingabréf þar sem gert er grein fyrir helstu þáttum sem varða starfsemina og þau réttindi sem ávinnast með greiðslum til sjóðsins. Farið er yfir hverja deild fyrir sig auk helstu upplýsinga varðandi uppbyggingu og þjónustu Stapa. Bréfið er einnig aðgengilegt á stapi.is, bæði á [íslensku](#) og [ensku](#).

Enskur sjóðfélagavefur

Nýlega var [enskum sjóðfélagavef](#) Stapa hleypt af stokkunum. Sjóðfélögum af erlendum uppruna hefur fjölgað mikið undanfarið og mikilvægt að koma til móts við þann stóra hóp. Í náinni framtíð má búast við frekari uppfærslum á vefnum, bæði á ensku og íslensku.



Hefur þú kynnt þér sjóðfélagalán?

Stapi býður verðtryggð lán gegn veði í íbúðarhúsnæði í eigu sjóðfélaga. Hægt er að fá lán með föstum eða breytilegum vöxtum.

- Hámarkslán kr. 75.000.000
- Við kaup á fasteign miðast lánsloftfall við kaupverð
- Við endurfjármögnun miðast lánsloftfall við nýjasta fasteignamat
- Einfalt rafrænt umsóknarferli
- Upplýsingar um lánsrétt eru á [vef sjóðfélaga](#)

Allar nánari upplýsingar um sjóðfélagalán er að finna á [stapi.is](#) en fyrirspurnir má einnig senda á lan@stapi.is.



Uppbygging fyrirhuguð í Múlanum

Stapi lífeyrissjóður varð til við sameiningu Lífeyrissjóðs Austurlands og Lífeyrissjóðs Norðurlands. Frá upphafi hefur sjóðurinn verið með skrifstofur á tveimur stöðum, í Neskaupstað og á Akureyri.

Árið 2021 flutti skrifstofan okkar í Neskaupstað í nýtt húsnæði í Múlanum samvinnuhúsi en þar eru mörg fyrirtæki og stofnanir með aðsetur. Uppbygging Múlans heppnaðist afskaplega vel og

mikil eftirspurn hefur verið eftir húsnæði þar. Eigendur hússins, Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað, stefna nú að því að byggja við húsið og er fyrirhugað að stækka það um 600 fermetra. Gangi þær framkvæmdir eftir mun Stapi flytja sig um set í stærra húsnæði í viðbyggingunni. Vonast er til að framkvæmdir hefist í vor og að byggingin verði tilbúin um næstu áramót.



SUDUR

Örorkulífeyrir eða eftirlaun?

Í dag býður lífeyriskerfið upp á meiri sveigjanleika við töku lífeyris en áður. Enn hefja flestir lífeyristöku við 67 ára aldur en þeim hefur fjölgað sem byrja fyrr. Sjóðfélagar Stapa geta hafið töku eftirlauna hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð.

Það er að sjálfsgöðu val sjóðfélaga hvenær taka lífeyris hefst en mikilvægt er að þeir hafi í huga að um leið fellur niður réttur til örorkulífeyris. Ef að skert starfsgeta er ástæða þess að sjóðfélagi hefur töku eftirlauna er eðlilegt að skoða fyrst réttindi vegna örorkulífeyris. Við hvetjum sjóðfélagi til kynna sér þessi mál vel og hafa samband við sjóðinn ef spurningar vakna.



Ráðstöfun tilgreindrar séreignar inn á lán

Samkvæmt [lögum nr. 111/2016](#) um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð er rétthafa, sem ekki nær hámarksfjárhæðum með ráðstöfun á viðbótariðgjaldi séreignarsparnaðar, heimilt að nýta skattfrjálsa úttekt á tilgreindri séreign til fyrstu kaupa.

Heimild rétthafa takmarkast við ráðstöfun á allt að 3,5% iðgjaldshluta af iðgjaldsstofni sem ráðstafað hefur verið til öflunar réttinda í tilgreindri séreign.

- Samanlögð ráðstöfun rétthafa á viðbótariðgjaldi séreignarsparnaðar og tilgreindri séreign takmarkast við hámarksfjárhæð 500.000 kr. fyrir hverja 12 mánuði á almanaksári á samfelldu 10 ára tímabili.

Sjóðfélagar í tilgreindri séreign hjá Stapa geta nýtt sér þessa heimild, en misjafnt er hvort þeir þurfi að hafa samband við Skattinn og/eða Stapa vegna þess eða ekki. Við bendum þeim á að kynna sér málið vel [í frétt sem birt var á vefsíðu Stapa](#) eða hafa samband við sjóðinn.

Allar upplýsingar um nýtingu séreignarsparnaðar inn á lán er að finna á vefsíðu [Skattsins](#).

Undirbúðu framtíðina – Kíktu á vefinn!

Á [sjóðfélagavefnum](#) getur þú skoðað margvíslegar upplýsingar um eign þína hjá sjóðnum og ýmislegt fleira.

Er netfangið
þitt rétt skráð á
sjóðfélagavefnum?



Réttindi þín til eftirlauna

- Skoðaðu áunnin lífeyrisréttindi
- Reiknaðu framtíðarlífeyri
- Lífeyrisgáttin sýnir réttindi í öllum samtryggingasjóðum



Réttindi þín byggjast á greiddum iðgjöldum

- Fylgstu með að iðgjöld skili sér frá launagreiðanda
- Iðjaldayfirlit sýnir greiðslur sem berast til sjóðsins
- Sjóðfélagayfirlit eru birt í Skjölum



Samkeppnishæf íbúðalán

- Upplýsingar um lánsrétt eru á vefnum
- Skoðaðu stöðu lánsins þíns og greidda gjalddaga
- Fylgstu með aukainnborgunum
- Þú getur skoðað vexti og endurgreiðsluform lánsins
- Reiknaðu hvernig afborgun þróast miðað við mismunandi verðbólguþá

Við innskráningu á sjóðfélagavef er hægt að nota rafræn skilríki, Íslykil eða auðkennisappið.



Strandgötu 3, 600 Akureyri og Bakkavegi 5, 740 Neskaupstað

Afgreiðslutími skrifstofu:

Akureyri kl. 9:00–12:30 og 13:00–15:00. Neskaupstaður kl. 9:00–12:00

Sími: 460 4500 | www.stapi.is | stapi@stapi.is

Umbrot og teikningar: Blek hönnunarstofa – blekhonnun.is Ljósmyndir: Gyða Henningsdóttir og Einar Guðmann